



Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun Vatnsendaskóla skólaárið 2010 – 2011



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Aðferðafræði og framkvæmd.....	4
2. Niðurstöður	6
2.1. Dægradvalarkönnun.....	6
2.2 Nemendakönnun.....	10
2.3 Samræmd próf	18
2.4 Starfsmannasamtöl	20
3. Umbótaáætlun og framkvæmd umbóta	22

Inngangur

Veturinn 2010-2011 voru 397 nemendur í Vatnsendaskóla í 1.-10. bekk. Starfsmenn voru 58. Skólastjóri Vatnsendaskóla er Guðrún Soffía Jónasdóttir.

Skólinn er einsetinn og skólaárinu er skipt upp í tvær annir sem enda með námsmati í desember/janúar og maí. Hver kennslustund er 40 mínútur. Kennsla hefst kl. 8:10 á morgnana og lýkur kl. 13:20 hjá 1. – 4. bekk, kl. 14:00 hjá 5. – 7. bekk og flesta daga kl. 14:40 á unglingastigi.

Eftir að skóla lýkur á daginn er boðið upp á gæslu í Dægradvöl fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Dægradvöl er opin frá 13:20 – 17:15. Skrifstofa skólans er opin á virkum dögum frá kl. 8:00 – 16:00. Nánari upplýsingar um framkvæmd og skipulag skólastarfsins er að finna í skólanámskrá Vatnsendaskóla sem aðgengileg er á heimasíðu skólans: www.vatnsendaskoli.is.

Sjálfsmatið byggir á fimm ára áætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru skoðaðir. Þar er um 15 megin þætti að ræða. Sumir þættir eru skoðaðir einu sinni á tímabilinu en aðrir oftari. Þeir þættir sem voru til skoðunar á skólaárinu 2010-2011 voru eftirfarandi:

1. Nám – námsmat – námsárangur
2. Líðan nemenda, þarfir, starfsandi og samstarf
3. Kennsla, starfsþróun og fagmennska
4. Viðmót og menning skóla
5. Aðbúnaður

Í matsteymi Vatnsendaskóla veturinn 2009-2010 voru Guðmundur Freyr Sveinsson aðstoðarskólastjóri sem stýrði teymisvinnunni, Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir kennari og tölvuumsjónarmaður skólans og Guðrún Elva Arinbjarnardóttir námsráðgjafi.

1. Aðferðafræði og framkvæmd

Sjálfsmat Vatnsendaskóla veturinn 2010-2011 var byggt á eigindlegri og meginlegri aðferðafræði. Allir nemendur skólans svöruðu könnunum um líðan, vináttu, vinnufrið og einelti og allt starfsfólk skólans fór í starfsmannasamtal hjá stjórnendum. Mikið af upplýsingum skila sér í gegnum leiðsagnarmat og foreldraviðtöl auk þess sem foreldrar barna í Dægradvöl svöruðu rafrænni könnun um starfsemina þar. Í spurningalistunum og viðtölunum var leitað eftir svörum við þeim þáttum sem tilgreindir eru í innganginum, bæði með opnum og lokuðum spurningum.

Foreldra- og nemendaviðtöl fóru fram í 1.-10. bekk 14. október 2010 og 1. júní 2011. Einnig fóru fram viðtöl á unglingastiginu eftir jólaprófin 20. desember og eftir námsmat í 1.-7. bekk 25. janúar. Nemendur höfðu fyrir viðtölin svarað sjálfsmati í leiðsagnarmati í mentor ásamt foreldrum sínum. Kennarar höfðu einnig fyllt út sitt mat í sama kerfi og í viðtölunum var farið yfir niðurstöðurnar og þær bornar saman. Á stigsfundum fóru kennarar yfir niðurstöður viðtalanna ásamt stjórnendum.

Dægradvalarkönnun var send með rafrænum hætti á alla foreldra barna í Dægradvölinni í mars. Könnunin var sambærileg könnun sem gerð var ári áður og því var hægt að fá samanburð milli ára. 47 foreldrar svöruðu könnuninni en um 100 börn voru í Dægradvöl.

Nemendakönnun var lögð fyrir alla nemendur skólans í byrjun maí. Nemendur í 1.-4. bekk svöruðu spurningum um líðan, vináttu, vinnufrið og einelti á blöðum en nemendur í 5.-10. bekk í tölvum.¹ Sérstaklega var gætt að því að nemendur gætu svarað spurningunum án þess að aðrir gætu komist að því hvernig hver og einn svaraði enda var um nafnlausa könnun að ræða.

Rýnt var í niðurstöður samræmdra prófa í öllum greinum í 4., 7. og 10. bekk frá upphafi skólans og þær bornar saman við niðurstöður úr landinu öllu og öðrum skólum.

¹ Sjá spurningar og niðurstöður úr 8.-10. bekk:

http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2010_2011/8_10_bekkur_vor2011.pdf

(Spurningarnar voru sambærilegar á miðstigi og unglingastig en mun einfaldari á yngsta stigi. Hægt er að sjá dæmi um uppsetningu á þeim í fylgiskjöllum úr fyrri skýrslum á heimasíðu skólans.)


Starfsmannasamtöl fóru fram í febrúar og mars þar sem skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri tóku viðtöl við þá starfsmenn sem heyra beint undir þeirra stjórn auk þess sem forstöðukona Dægradvalar og húsvörður tóku starfsmannasamtöl við þá sem vinna undir þeirra eftirliti. Í samtalinu voru teknir fyrir þættir eins og verkefni/ábyrgðarsvið, vinnuaðstaða, samskipti, líðan, stjórnun og starfþróun og fræðsla. Hvert viðtal tók á bilinu 30-50 mínútur. Stjórnendur skráðu hjá sér helstu niðurstöður hvers viðtals og fjallað var um þær á stjórnendafundum.

2. Niðurstöður


2.1. Dægradvalarkönnun

Ýmsar breytingar sem gerðar voru í kjölfar sjálfsmatsins 2009-2010 virðast samkvæmt þessum niðurstöðum hafa skilað árangri. Eina spurningin sem sýnir þróun til hins verra tengist húsnæðismálum en sú niðurstaða helgast að líkindum að tímabundinni húsnæðiseklu sem mun lagast í janúar 2012 þegar ný álma verður tekin í notkun. Þar er meðal annars gert ráð fyrir aðstöðu fyrir Dægradvöl.


83% barna í Dægradvöl líður vel en 2% líður ekki vel að mati foreldra.




68% foreldra barna í Dægradvöl telja að starfið sé fjölbreytt en 6% telja að svo sé ekki.




81% foreldra barna í Dægradvöl telja að almenn þjónusta sé góð en 2% telja að svo sé ekki.




83% foreldra barna í Dægradvöl telja að viðmót starfsmanna sé gott en 2% telja að svo sé ekki.




74% foreldra barna í Dægradvöl telja barnið sé ánægt í Dægradvöl en 12% telja að svo sé ekki.



51% foreldra barna í Dægradvöl eru ekki ánægð með húsnæðið en 17% eru á öðru máli.



Um helmingur foreldra hafði ekki orðið var við neinar breytingar en þeir sem höfðu orðið varir við þær voru ánægðir með árangurinn.




2.2 Nemendakönnun


Það er ánægjulegt hversu mörgum nemendum líður vel í skólanum. Það sem er áhyggjuefni er líðan nemenda sem líður illa en í könnuninni kemur fram að um 4% nemenda skólans líður illa þegar þeir eru heima hjá sér og 6% nemenda líður illa í skólanum. Til samanburðar kemur fram í gögnum frá Rannsókn og greiningu að á bilinu 7-11% nemenda á landinu öll líður illa í kennslustundum en það er mismunandi eftir aldri og kyni. Í því ljósi virðist nemendum í Vatnsendahverfi þó líða betur en nemendum að jafnaði í öðrum skólahverfum.

2.2.1 Nemendur í 1.-7. bekk


80% nemenda í 1.-7. bekk líður vel þegar þeir fara í skólann en 2% nemenda líður illa.




78% nemenda í 1.-7. bekk líður vel í skólanum en 6% nemenda líður illa.




89% nemenda í 1.-7. bekk líður vel hjá kennaranum sínum en 2% nemenda líður illa. Til samanburðar segjast 3% nemenda líða illa þegar þeir eru heima hjá sér. Nemendum líður áberandi best þegar þeir eru hjá umsjónarkennurunum sínum í samanburði við aðrar stundir í skólastarfinu.




86% nemenda í 1.-7. bekk líður vel með bekkjarfélögum sínum en 3% nemenda líður illa.



80% nemenda í 1.-7. bekk líður vel í frímínútum á meðan 5% nemenda líður illa.




81% nemenda í 1.-7. bekk líður vel í matartímanum á meðan 5% nemenda líður illa.




2.2.2 Nemendur í 8.-10. bekk

Vorið 2009 útskrifaði Vatnsendaskóli í fyrsta skiptið nemendur úr 10. bekk. Sambærilegar tölur fyrir unglingastigið eru því ekki til frá árunum áður og þeim nemendum er heldur ekki blandað saman við nemendur á yngsta og miðstigi í gögnum á undan til að rugla ekki samanburð milli ára. Hér á eftir koma því niðurstöður úr líðanakönnun á unglingastigi vorið 2011.


79% nemenda í 8.-10. bekk líður vel þegar þeir fara í skólann en 6% nemenda líður illa.




84% nemenda í 8.-10. bekk líður vel í skólanum en 3% nemenda líður illa. Til samanburðar líður 4% nemenda í 8.-10. bekk illa þegar þeir eru heima hjá sér.




89% nemenda í 8.-10. bekk líður vel með bekkjarfélögum sínum en 6% nemenda líður illa.



89% nemenda í 8.-10. bekk líður vel í frímínútum en 2% nemenda líður illa.





92% nemenda í 8.-10. bekk líður vel í matartímunum en 2% nemenda líður illa. Nemendum á unglingastigi líður því best í matartímunum miðað við aðrar stundir í skólastarfinu.



2.2.3 Nemendur í 1.-10. bekk


Þegar á heildina er lítið líður 79% nemenda í 1.-10. bekk mjög vel eða vel í skólanum, 15% líður hvorki vel né illa og 6% líður illa eða mjög illa.



2.3 Samræmd próf

Nemendur sem tóku samræmt próf haustið 2010 í Vatnsendaskóla og höfðu einnig tekið samræmt próf í Vatnsendaskóla fjórum árum áður sýndu framfarir í hærri kantinum eða miklar framfarir miðað við nemendur almennt í öðrum skólum.

Normaldreifðar einkunnir þar sem meðaltal landsins er 30.



Meðaltal Vatnsendaskóla eftir árum, árgöngum og fögum.

4. bekkur	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Öll árin
Íslenska	Of fáir	29,5	31,8	30,3	30,9	28,6	30,2
Stærðfræði	Of fáir	28,9	29,6	28,9	31,4	26,7	29,1
7. bekkur							
Íslenska	Enginn	27,8	28,6	32,5	28,4	35,2	30,4
Stærðfræði	Enginn	30,5	28,8	28,3	27,8	33,2	29,9
10. bekkur							
Íslenska	Enginn	Enginn	Enginn	Of fáir	28,0	31,0	29,8
Stærðfræði	Enginn	Enginn	Enginn	Of fáir	28,1	32,3	31,2
Enska	Enginn	Enginn	Enginn	Of fáir	29,0	30,9	30,0
Meðaltal		29,2	29,7	30,0	29,1	31,1	29,9

Framfararstuðull

Framfarastuðull er reiknaður út frá einkunnum nemenda á tveimur samræmdum prófum.

Honum er ætlað að gefa vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst

frá því er árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Hann hefur svipaða uppbyggingu og ýmsar vísitölur.

Ef horft er til einstakra nemenda þýðir framfarastuðullinn 1,00 að nemandi hafi sömu stöðu innan árgangsins og hann gerði á fyrra samræmdu prófi. Ef framfarastuðull er lægri en 1,00 sýnir það að nemandi hefur dregist aftur úr öðrum í námi og stuðull hærri en 1,00 að hann hefur bætt sig meira en aðrir.

Framfarastuðullinn byggir einungis á þeim nemendum sem þreyta bæði prófin í sama skóla.

0,94 eða lægri	Litlar framfarir (dragast aftur úr öðrum)
0,95 til 0,98	Framfarir í lægri kanti
0,99 til 1,01	Venjulegar framfarir
1,02 til 1,05	Framfarir í hærri kanti
1,06 eða hærri	Miklar framfarir

Framfarastuðull Vatnsendaskóla eftir árum, árgöngum og fögum

	2009	2010
7. bekkur		
Íslenska	0,98	1,09
Stærðfræði	0,97	1,02
10. bekkur		
Íslenska	1,01	1,05
Stærðfræði	0,96	1,07

2.4 Starfsmannasamtöl

Líðan

Almennt töluðu starfsmenn um að þeim liði vel í starfinu. Í tveimur bekkjum hafa komið upp aga- og samskiptamál sem hafa haft neikvæð áhrif á líðan viðkomandi umsjónarkennara þrátt fyrir að vinna og stuðningur í kringum þau mál hafi verið í góðum farvegi að mati kennarana. Margir töluðu um að Vatnsendaskóli væri góður vinnustaður.

Samvinna / samskipti

Starfsfólk lýsti undantekningarlaust ánægju með sitt nánasta samstarfsfólk, svo sem umsjónarkennarar í sama árgangi eða kennarar á sama stigi. Sérstök ánægja var með þá þjónustu sem stoðteymi skólans (þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar) veitir nemendum og kennurum.

Vinnuaðstaða

Kennarar eru ánægðir með að geta unnið að undirbúningi og úrvinnslu í stofunum sínum og telja aðstöðu til kennslu yfirleitt góða. Á yngsta sigi vantaði þó fleiri skjávarpa og sömuleiðis þótti kennurum í 1.-4. bekk stundum langt að þurfa að fara upp á skrifstofu til að ljósrita eða prenta.

Sú vinnuaðstaða sem helst var kvartað undan tengdist aðstöðu til íþróttakennslu. Í Kórnum er hljóðmengun yfir hættumörkum fyrir þá sem dvelja allan daginn í íþróttasalnum. Auk þess vantar hljóðkerfi í íþróttasalina. (Kópavogsbær stefnir á að setja upp hljóðvarnir í Kórnum í sumar.)

Að mati starfsmanna Dægradvalar er þörf á betra og skipulagðara húsnæði fyrir Dægradvöl en úr þeim málum mun að líkindum rætast um næstu áramót.

Annað

Nokkrir kennarar tóku fram að kennarastarfið væri krefjandi en lýstu á sama tíma ánægju með árangur sinn við að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda og þá samvinnu sem færi fram í skólanum varðandi vinnu með börnum með sérþarfir.

Nær allir starfsmenn skólans sjá fyrir sér að halda áfram að kenna eða vinna við sambærileg störf í skólanum á næsta skólaári, t.d. að halda áfram með umsjónarþekkingu sinni eða kenna á sama stigi áfram.

3. Umbótaáætlun og framkvæmd umbóta

1. Hádegismatur:

Fjöldi nemenda í matsal var 87-112 í hádegismatnum og höfðu kennarar oft á orði að of mikill hávaði væri í matsalnum. Á næsta skólaári verður stundatöflum breytt með þeim hætti að fjöldi nemenda verður á bilinu 50-60 á hverju svæði og ætti það að minnka hljóðmengun í matartímanum.

2. Frímínútur:

Bæði nemendur og kennarar kvörtuðu undan því að leiktæki eins og rólur væru of fáar á skólalóðinni fyrir þá 320 nemendur sem væru saman í frímínútum. Þannig svaraði einn gervigrasvöllur ekki eftirspurn nemenda með þeim afleiðingum að þeir sem stærri væru ýttu þeim yngri út af vellinum. Með breyttum stundatöflum næsta vetur verða seinni frímínútur þrískiptar með það fyrir augum að auka aðgengi nemenda að leiktækjunum. Hóparnir sem hafa þá skólalóðina út af fyrir sig skiptast þá með eftirfarandi hætti: 1.-2. bekkur (120 nemendur), 3.-4. bekkur (93 nemendur) og 5.-7. bekkur (120 nemendur).

3. Gæsla:

Sérstök áhersla verður lögð á að semja við umsjónarkennara um að taka að sér gæslu í þeim frímínútum og matartímum sem þeirra bekkir eru á svæðunum sem þarf að gæta. Í því felst bæði forvarnargildi og auknar líkur á að mál sem upp koma fari í réttan farveg hjá umsjónarkennurum.

4. Dægradvöl:

Tveir nýir starfsmenn sem hafa stundað nám til kennsluréttinda og hafa kennslureynslu úr grunnskóla munu hefja störf í Dægradvöl næsta vetur og leysa þar með af starfsmenn sem höfðu ekki sama bakgrunn. Um áramótin fær Dægradvölin sérstaka aðstöðu fyrir sitt starf sem mun um leið svara þeim ábendingum sem hafa komið fram meðal foreldra og starfsmanna Dægradvalar vegna húsnæðisvanda.

5. Sjálfsmat:

Nú liggja fyrir sjálfsmatsgögn fyrir fyrstu 6 skólaár Vatnsendaskóla og ljóst að breytingar á milli ára í svörum leita jafnvægis. Næsta skref í sjálfsmati skólans er því að taka þátt í Skólapúlsinum en hann býður upp á miðlægan gagnagrunn þar sem skólar geta borið niðurstöður sínar saman við heildarniðurstöður allra skóla í gagnagrunni Skólapúlsins. Slíkar kannanir eru þá gerðar með úrtökum úr nemendahópnum þrisvar til fjórum sinnum á hverju skólaári og það verður spennandi að sjá hvernig Vatnsendaskóli kemur út í samanburðinum.

6. Íþróttir:

Í samráði við íþróttafulltrúa Kópavogsbæjar hefur verið samþykkt að setja upp hljóðvarnir í íþróttahúsi í Kórnum fyrir næsta vetur.

7. Aga og samskiptamál:

Allt starfsfólk skólans fer á námskeið um *Uppeldi til ábyrgðar*. „Uppeldi til ábyrgðar miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skóla við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum. Hugmyndafræðin hefur áhrif á kennsluhætti, stjórnunarhætti, áherslur í lífsleiknikennslu og ekki síst á meðferð agamála. Segja má að breyting verði á kenniviðmiðum (paradigm) skólasamfélagsins varðandi samskipti og aga.“ Sjá nánar: <http://netla.khi.is/greinar/2007/003/index.htm>

8. Nám og námsmat:

Vatnsendaskóli var með fyrstu skólum landsins til að nýta sér *leiðsagnarmat* í mentor í öllum námsgreinum og í öllum árgöngum. Nú hefur verið ákveðið að skólinn verði einnig með þeim fyrstu til að nýta sér *námsframvindu* í mentor í öllum skólanum.

Í námsframvindunni í mentor geta nemendur, foreldrar, kennarar og skólastjórnendur séð markmið nemenda í hverju fagi, stöðu hvers markmiðs og framvindu. Nemendur og foreldrar geta séð þau markmið sem nemandinn er að vinna að og mat á þeim. Kennarar

geta síðan séð tölfraði yfir stöðu bekkjarins auk hvers nemanda og skólastjórnendur geta séð tölfraði og upplýsingar um allan skólann. Sú vinna sem unnin er í kerfinu miðast við að verið sé að horfa á hvern einstakling fyrir sig. Sú vinna nýtist síðan í tölfraðilega úrvinnslu þar sem hægt er að skoða námsframvindu nemenda út frá hóp, bekk eða árgangi.